

## Fundargerð

**aðalfundar Læknaráðs Landspítala 15. janúar 2021 kl. 8:00.**

Þorbjörn Jónsson formaður stjórnar Læknaráðs Landspítala setti aðalfundinn kl. 08:05. Fundurinn var sendur út sem fjarfundur frá Blásölum á Landspítalanum í Fossvogi.

Formaður lagði til að hann yrði fundarstjóri og fundarritari en myndi njóta aðstoðar Daggar Pálsdóttur lögfræðings Læknafélags Íslands við ritun fundargerðar. Fundarmenn gerðu engar athugasemdir við tillöguna og lýsti fundarstjóri hana samþykktu.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan. Við það gerðu fundarmenn engar athugasemdir. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og vísaði til fundarboðs sem sent var út til lækna Landspítala fyrir jól. Síðan gekk fundarstjóri til dagskrár samkvæmt fundarboði:

1. **Skýrsla stjórnar** (sjá fylgiskjal 1, skýrsla stjórnar). Fundarstjóri fór yfir skýrslu bráðabirgðastjórnar, sem kosin var á aðalfundi 2020, sem haldinn var í október 2020 (sjá glærur). Að lokinni skýrslu kallaði fundarstjóri eftir athugasemdum og fyrirspurnum. Spurt var hvort búið væri að gefa út reglugerð um fagrád Landspítala og var upplýst að hún væri ekki komin. Fram kom ábending um orðalag í drögum að starfsreglum sem nánar verður vikið að undir næsta dagskrárlið.
2. **Breytingar á starfsreglum Læknaráðs**. Fundarstjóri kynnti drög að nýjum starfsreglum Læknaráðs Landspítala (sjá fylgiskjal 2, drög að starfsreglum). Fram kom ábending um að þar sem Læknaráð væri ekki lengur lögbundið væri félagsaðild í því frjáls og lagfæra þyrfti orðalag til samræmis. Sömuleiðis kom fram ábending um að Læknaráð í breyttri mynd væri málsvari læknaráðsins en ekki allra lækna. DP kom með orðalagsbreytingar vegna þessara tveggja réttmætu ábendinga og lagði til eftirfarandi breytingar á drögum:
  - a. 1. gr. verði svohljóðandi: *Við Landspítala skal starfa læknaráð. Í læknaráðinu eiga geta átt sæti allir læknar sjúkrahússins sem ráðnir hafa verið til starfa til eins árs eða lengur. Rétt til fundasetu með tillögurétti, en án atkvæðisréttar, eiga aðrir læknar Landspítalans. Formaður læknaráðsins sker úr þegar vafi leikur á um tillögu- og atkvæðisrétt eða rétt til fundarsetu.*
  - b. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. verði svohljóðandi: *Er málsvari læknaráðs spítalans og sjúklinga þeirra út á við og inn á við í öllum lækni- og fræðilegum efnum.*

Fundarstjóri kallaði eftir umræðu um breytingatillögur við drög að starfsreglum. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar. Fundarstjóri kallaði eftir hvort einhver væri á móti þessum breytingatillögum. Enginn gaf sig fram og lýsti fundarstjóri þær samþykktar samhljóða. Fundarstjóri kallaði síðan eftir hvort einhver væri á móti drögum að starfsreglum svo breyttum. Enginn gaf sig fram og lýsti fundarstjóri þær samþykktar samhljóða (fylgiskjal 3, samþykktar starfsreglur).

3. **Kjör nýrrar stjórnar Læknaráðs** (sjá fylgiskjal 4, framboðslisti). Fundarstjóri skýrði frá því að bráðabirgðastjórn læknaráðs hefði í desember auglýst eftir framboðum til stjórnar læknaráðs. Í lok auglýst framboðsfrests hefðu eftirtaldir læknar gefið kost á sér:
  - a. Til formennsku: Steinunn Þórðardóttir lyf- og öldrunarlæknir
  - b. Til stjórnarsetu: Bergur Stefánsson, bráðalæknir  
Björn Logi Þórarinsson, lyf- og taugalæknir  
Gunnar Bjarni Ragnarsson, lyf- og krabbameinslæknir

Hlynur Indriðason, sérnámslæknir í lyflækningum  
Jón Örn Friðriksson, þvagfæraskurðlæknir  
Kristján Dereksson, barnalæknir  
Oddný Ómarsdóttir, sérnámslæknir í geðlækningum  
Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, skurðlæknir  
Þórunn Jónsdóttir, lyf- og gigtarlæknir

Fundarstjóri lýsti Steinunni Þórðardóttur sjálfkjörinn formann læknaráðs Landspítala og aðra frambjóðendur sjálfkjörna stjórnarmenn. Nýrri stjórn læknaráðs var fagnað með lófataki.

4. **Önnur mál** reyndust engin. Fundarstjóri gaf þá nýkjörnum formanni orðið og ávarpaði hún fundarmenn og þakkaði traustið og fyrir sína hönd og annarra stjórnarmanna.

Fleira gerðist ekki. Fundarstjóri sleit fundi kl. 08:55.

Reykjavík, 15. janúar 2021

---

**Þorbjörn Jónsson**

fráfarandi formaður  
læknaráðs Landspítala

---

**Steinunn Þórðardóttir**

nýkjörinn formaður  
læknaráðs Landspítala